

# Rannsóknir á hrossaþara (*Laminaria digitata*) á Breiðafirði

## 1. Hrossaþari við Fagurey

KARL GUNNARSSON

Hafrannsóknastofnunin  
Skúlagötu 4  
121 Reykjavík

Hafrannsóknastofnunin 1980



## INNGANGUR

Skýrsla þessi fjallar um rannsóknir á líffræði hrossáþara við Fagurey í innanverðum Breiðafirði. Rannsóknirnar fóru fram í júlí og ágúst 1979 að beiðni Þörungavinnslunnar h.f. en Þörungavinnslan hefur aflað hrossáþara um nokkurra ára skeið við Fagurey. Gerðar voru athuganir á uppskeru, péttleika, vexti og framleiðni hrossáþarans. Rannsóknir þessar eru hluti af víðtækari rannsóknum á hrossáþara á norðaustanverðum Breiðafirði, sem halddið mun áfram árið 1980.

Áður hefur Sigurður Hallsson rannsakað útbreiðslu og uppskeru hrossáþara á Breiðafirði (Sigurður Hallsson 1975). Hann fann m.a. allstór svæði vaxin samfelldum hrossáþaraskógi frá Akureyjum að sunnan, norður að Króksfjarðarnesi (1.mynd). Á þessu svæði hefur hrossáþara verið aflað fyrir Þörungavinnsluna h.f. á undanförnum 4 árum, 500-1000 tonn á ári. Sigurður Hallsson telur, að á ofangreindu svæði séu um 160 - 180 þús. tonn af hrossáþara.

Rannsóknirnar, sem hér verður fjallað um, voru kostaðar af sérstakri fjárveitingu frá Sjávarútvegsráðuneytinu en Þörungavinnslan h.f. lagði til bát, skipstjóra og alla aðstöðu á Breiðafirði. Þessum aðilum er þakkaður sá stuðningur. Einnig vil ég þakka Konráð Þórisssyni fyrir aðstoð við köfun og mælingar og Hugo Rassmus fyrir aðstoð við rannsóknirnar á Breiðafirði. Gunnari Hilmarssyni þakka ég aðstoð við tölvuvinnslu gagna, sem flýtti verulega fyrir allri úrvinnslu.

## AÐFERÐIR

Sýnum var safnað á 0, 3, 6 og 9 m dýpi við Fagurey. Dýpi voru leiðrétt eftir sjávarfallatöflum og eru miðuð við 0-punkt sjómælinga. Tveggja  $m^2$  ( $2 \times 1m$ ) ramma var fleygt af handahófi úr bát, sem lá við akkeri yfir fyrirfram mældu dýpi. Kafarar skáru síðan allan þara sem var stærri en 7 cm innan úr 6 slíkum römmum á hverju dýpi. Stórum plöntum var safnað í stóran netpoka en smærri plöntum í finriðið handnet. Í hverjum reit voru þær plöntur, sem voru minna en 7 cm, taldar. Uppskeran úr hverjum ramma var síðan sett sér í plastpoka um borð í bátnum. Þarinn var oftast mældur í landi samdægurs en stundum daginn eftir að honum var safnað. Lengdir blöðku og lengd stilks voru mældar með stálmalbandi (2. mynd). Stilkur, festusprotar og blaðka (gömul og ný) voru vegin með 10, 100 og 1000 g gormvogum (pesola).

Oft reyndist erfitt að ná upp plöntunum án þess að skemma festusprotana, en ef hluta vantaði af festusprotanum var honum sleppt í mælingum. Þvermál stilks við efstu festusprota var mælt með skotmáli og aldur ákvarðaður með því að telja árhringa í þversneið, sem skorin var á sama stað.

Framleiðni þarans var síðan reiknuð fyrir hvert dýpi um sig út frá eftirfarandi jöfnu:

$$F = \sum_{i=1}^N n_i [B_i + (St_i - St_{i-1}) + (Sp_i - Sp_{i-1})]$$

Þar sem  $N$  = fjöldi árganga

$n_i$  = fjöldi í árgangi  $i$

$B_i$  = meðalþungi blaðka á  $i$ -ára gömlum para

$St_i$  = meðalþungi stilka á " " "

$Sp_i$  = " sprota á " " "

Línuleg athvarfsgreining (regression) var gerð, ef aukning milli ára var óregluleg vegna of fárra mælinga og hallatala línunnar notuð fyrir aukningu í þunga stilka og sprota milli ára.

#### UPPSKERA OG PÉTTLEIKI

Við Fagurey má greina fjögur gróðurbelti frá fjöruborði og niður að endimörkum gróðurs á 13-15 m dýpi. Efst myndar Phyllaria dermatodea belti á 0-1 m dýpi. Þá tekur við belti með Laminaria saccharina niður á 2 m dýpi. Á rúmlega 2 m dýpi byrjar svo hinn eiginlegi hrossaparaskógur, sem síðan er samfelldur niður á 10-11 m dýpi. Þar tekur við dýpstá gróðurbeltið þar sem rauðþörungarnir Odonthalia dentala, Phycodrys rubens, Ptilota plumosa og Lithothamnion glaciale eru ríkjandi. Eins og sést á 1. töflu er uppskera hrossapara mest á 6 m dýpi 6 kg/m<sup>2</sup> en minni bæði ofan og neðan við það dýpi. Péttleiki hrossapara er mestur á þriggja m dýpi, 110 plöntur á m<sup>2</sup> en á 6 m dýpi er hann helmingi minni, 52 plöntur á m<sup>2</sup>. Þetta ósamræmi, sem er á milli uppskeru og péttleika á 6 m dýpi, stafar af því, að hlutdeild lítilla plantna er meiri á þriggja m dýpi en á 6 m dýpi. Reyndar er hlutdeild 1-2 ára plantna mest á 0 m dýpi og minnkar jafnt og þétt með auknu dýpi (3.mynd).

## ALDURSDREIFING

Aldursdreifing hrossápara er nokkuð mismunandi eftir dýpi (3.mynd). Á 3 m dýpi er reglubundin fækkun í árgöngum eftir því, sem þarinn verður eldri. En á 6 og 9 m dýpi er dreifingin óreglulegri og ekki eins á báðum dýpum. Á 6 m dýpi virðist vera toppur í fjölda 5 og 8 ára plantna en á 9 m dýpi virðist hins vegar vera lægð í sömu árgöngum og eins eru fáar þriggja ára plöntur á 9 m dýpi. Á 0 m dýpi voru flestar hrossáparaplönturnar (samtals 48 plöntur) 1-2 ára, tvær voru 4 ára og ein 6 ára.

Elstu plöntur sem voru aldursgreindar við Fagurey reyndust 11 ára gamlar, (þeim var safnað utan reita).

## VÖXTUR

Stilkurinn lengist mest á tímabilinu 3 til 7 ára aldurs á öllum dýpum. Á þessu tímabili vex stilkurinn úr 20 cm upp í tæpa 2 m (4.mynd) en heildarlengd (stilkur + blaðka) þarans fer upp í um 4 m að meðaltali eftir 7 ára vöxt. Stilkurinn þyngist að jafnaði hraðast frá 3 ja til 8 ára aldurs (5.mynd). Mestri þyngd nær þarinn á 6 og 9 m dýpi þar sem fullvaxinn stilkur er að meðaltali um 1,5 kg en á 3 m dýpi verða stilkarnir að meðaltali um 1 kg fullvaxnir. Hrossáparinn endurnýjar blöðkuna á hverju ári og vex hún frá því um áramót þar til í byrjun sumars. Því má gera ráð fyrir, að sú blaðka sem við mælum, sé fullmynduð. Þungi blöðku er um 2 kg á fullvöxnum þara á 6 m dýpi og um 1.5 kg á 3 og 9 m dýpi (6.mynd). Fáir festusprotar voru veggir (samtals 149 sprotar) þannig að erfitt er að átta sig á vexti þeirra á einstökum dýpum, en ef öll dýpi eru tekin saman sést, að þungi þeirra eykst á svipaðan hátt og þungi stilkanna og eru þeir að meðaltali um 180 g á fullvöxnum þara (7.mynd). Á öllum línuritunum virðast vera miklar sveiflur í vexti eftir 5-6 ára aldur. Það stafar sennilega fyrst og fremst af því, að breytileikinn er mjög mikill og að fáar mælingar liggja að baki hverjum punkti.

## FRAMLEIÐNI

Framleiðni hrossápara við Fagurey er mest á 3 m dýpi 4,7 kg/m<sup>2</sup>/ár (tafla 2). Hún minnkar eftir því sem dýpra ðregur og er aðeins um 2,3 kg á 9 m dýpi.

Hlutfallið milli framleiðni og uppskeru (F/u) er hæst á 3 m dýpi, 0.82, en nokkuð lægra á 6 og 9 m dýpi. (tafla 2).

## ÖFLUN

Um mánaðarmótin nóvember - desember var gerð könnun á afla, sem tekinn var með þarakló af íslenskri gerð. Þar kemur í ljós, að klóin velur úr eldri plönturnar. Ef borin er saman aldurs-dreifing þarans, sem fékkst við reitaskurð og aldursdreifingu þarans í aflanum (8.mynd) sést, að klóin sleppir megninu af 3, 4, og 5 ára þaranum en tekur mikið af 6 ára og eldri þara, sem er fullvaxinn. Óvenjumikið af 1-2 ára plöntum er í aflanum. Það stafar fyrst og fremst af því, að sá þari er að stórum hluta ásætur á eldri þara. Eins og 3. tafla sýnir, fjölgar ásætupara á paraplöntunum eftir því sem þarinn verður eldri. Hjá 5 ára þara er aðeins 1 ásæta á hverjum tveim plöntum að meðaltali en 14 ásætur eru á hverjum 8 ára þara. Þar sem klóin velur úr eldri plönturnar er ekki óeðlilegt, að einnig komi mikið með af 1-2 ára ásætupara.

## UMRÆÐA

Ef niðurstöður rannsóknanna við Fagurey eru bornar saman við athuganir sem gerðar hafa verið annars staðar á útbreiðslu-svæði hrossaparans í Atlantshafi er athyglisvert að hrossa-parinn á Breiðafirði verður mun eldri en þekkist annars staðar. Á Breiðafirði eru elstu plönturnar um 10 ára en annars staðar verða elstu plönturnar aðeins 5-6 ára (Gayral og Cosson 1973). Það er af mörgum talið vafasamt að nota vaxtahringi í stilk til aldursgreininga eins og gert var við Fagurey, því að í sumum til-víkum geta myndast tveir hringir sama árið. Í Ermasundi voru þaraplöntur með 1 cm langa stilkmerktar og vöxtur þeirra mæld-ur á hálfum mánaðar fresti í 3 ár samfleytt (Pérez 1969). Ef við gerum ráð fyrir, að plönturnar með 1 cm stilk séu á fyrsta ári, voru stilkarnir orðnir 35 cm á 4. ári. Þetta er ekki ósvipað meðallengd þriggja ára þaraplantra á Breiðafirði og styður því aldursgreiningaaðferðina. Ein leið til að komast að réttmæti aldursgreininganna er að merkja plöntur í Breiðafirði og mæla þær síðan með ákveðnu millibili í nokkur ár, eins og gert var í Ermasundi, og bera þær mælingar saman við mælingarnar frá því í summar. Ætlunin er að byrja á þeim athugunum á árinu 1980.

Uppskera hrossapara við Fagurey í Breiðafirði er svipuð og Sigurður Hallsson (1976) fékk í mynni Þorskafjarðar eða um 6 kg á m<sup>2</sup> að meðaltali. Fram undan Reykjanesi fékk Sigurður hins vegar aðeins um 2,7 kg að meðaltali á m<sup>2</sup>. Við Helgoland í Norðursjó fengust einnig um 6 kg á m<sup>2</sup> að meðaltali (Lünning 1969).

Péttleiki hrossaparans, þar sem hann er mestur á Breiða-firði, er meiri en þekkist annarsstaðar eða 110 plöntur á m<sup>2</sup> á þriggja m dýpi. Péttleikinn minnkar síðan ört með auknu dýpi. Mestur péttleiki, sem fundist hefur annars staðar er um 47 plönt-ur á m<sup>2</sup>, (Pérez 1971), við yfirborð í Ermasundi. Þar fækkaði plöntunum einnig með dýpi. Í Ermasundi hefur einnig komið fram að fjöldi plantna er árstíðabundinn með hámarki í júní (um 40 plöntur/m<sup>2</sup>) og lágmarki í september (17 pl. á m<sup>2</sup>). Þetta stafar af árstíðabundinni æxlun hrossaparans. Í Breiðafirði virðist hrossaparinn losa gró um áramótin. Gróin spíra þá sennilega strax og kynliðirnir, sem eru smásæir, vaxa fram á vor. Þegar sól hækkar á lofti, æxlast kynliðirnir og upp af frjóvguðu eggí vaxa nýjar þaraplöntur í byrjun sumars. Þetta skýrir mikinn fjölda þaraplantra á fyrsta ári, þegar sýnum er safnað um mitt summar. Síðan er líklegt, að þeim plöntum fækki jafnt og pétt fram eftir hausti og næsta vetur.

Framleiðni hrossaparans á Breiðafirði er svipuð og framleiðni stórpára, sem vex utar í firðinum, eða um 5 kg á m<sup>2</sup> á ári í efri hluta parabeltisins (Karl Gunnarsson og Konráð Þórisson 1979). Þessar tölur eru talsvert lægri en framleiðni tegundarinnar í Kanada, (Mann 1972). Í Kanada virðist hrossaparinn endurnýja blöðkuna mörgum sinnum á ári og framleiðnin mældist a.m.k. 10 föld uppskeran. Meðaluppskeran í parabeltinu er þar 16 kg/m<sup>2</sup>, sem þýðir þá, að ársframleiðnin sé um 160 kg/m<sup>2</sup>.

HEIMILDIR

GAYRAL, P. et J.Cosson 1973. Exposé synoptique des données biologique sur la Laminaire digitée Laminaria digitata. FAO Fisheries Synopsis No. 89. 59 s.

KARL GUNNARSSON, og KONRÁÐ ÞÓRISSON 1979. Stórbæri í Breiðafirði. Fjöldrit Hafrannsóknastofnunarinnar nr.5. 53 s.

LÜNNING, K. 1969. Standing crop and leaf area index of the sublittoral Laminaria species near Helgoland. Marine biology 3, 282-286.

MANN, K.H. 1972. Ecological energetics of the sea-weed zone in a marine bay on the Atlantic coast of Canada. II. Productivity of the seaweeds. Marine biology 14, 199-209.

PÉREZ 1971. Ecologie, croissance et régénération teneur en acid alginique de Laminaria digitata sur les cotes francaises de la Manche. Rev. Trav. Inst. Péches Marit. 35, 287-346.

SIGURÐUR V. HALLSSON 1975. A survey of the Laminaria digitata beds in Breidafjörður W-Iceland, 26.7.-20.8. 1975. Hercofood Europe, Lille Skensved. (handrit).

1. TAFLA. Uppskera ( $\text{kg}/\text{m}^2$ ) og péttleiki ( $\text{plöntur}/\text{m}^2$ ) hrossaþara (Laminaria digitata) við Fagurey.

<u>Dýpi</u>	<u>Uppskera</u>	<u>Péttleiki</u>
0 m	0,16 ( $\pm$ 0,40) +	4 ( $\pm$ 3)
3 m	5,75 ( $\pm$ 5,02)	110 ( $\pm$ 97)
6 m	6,04 ( $\pm$ 2,59)	52 ( $\pm$ 54)
9 m	3,17 ( $\pm$ 2,74)	10 ( $\pm$ 6)
3 - 9 m	4,99 $\text{kg}/\text{m}^2$	57 $\text{pl}/\text{m}^2$


+ ) Staðalfrávik (standard deviation) n=6

2. TAFLA. Framleiðni ( $\text{kg}/\text{m}^2/\text{ár}$ ) og velta F/U hrossaþara (Laminaria digitata) við Fagurey.


<u>dýpi</u>	<u>framleiðni</u>	<u>velta</u>
3 m	4.706	0.82
6 m	4.537	0.75
9 m	2.362	0.74
3 - 9 m	3.868	0.77

3. TAFLA. Para-ásætur á hrossapara (Laminaria digitata)  
við Fagurey


	<u>Fj. í árg.</u>	<u>Fj. ásætupara</u>	<u>Fj. ásæta/para.</u>
5 ára	73	35	0,5
6 ára	106	388	3,7
7 ára	44	179	4,1
8 ára	8	112	14,0






1. mynd. Útbreiðsla helstu hrossapara "miða" í Norð-austanverðum Breiðafirði.  
(Gert eftir Sigurði V. Hallssyni 1975)




2. mynd. Hrossapari (*Limnaria digitata*) Myndin sýnir hvernig plöntunni var skipt upp við mælingar.






3. mynd. Aldursdreifing hrossabara við Fagurey á 3, 6 og 9 m dýpi.




4. mynd. Lengdaraukning hrossaþarastilka eftir aldri við Fagurey á 3,6 og 9 m dýpi. Lóðréttu strikin sýna tvö staðalfrávik.




5. mynd. Þyngdaraukning hrossaþarastilka eftir aldri við Fagurey á 3, 6 og 9 m dýpi. Lóðréttu strikin tvö sýna staðalfrávik.



6. mynd.  
Pungi hrossáþarablöðku  
eftir aldri við Fagurey  
á 3,6 og 9 m dýpi. Lóð-  
réttu strikin sýna tvö  
staðalfrávik.



7. mynd. Pungi festusprota af hrossaþara við Fagurey á 3,6 og 9 m dýpi. Lóðréttu strikin sýna tvö staðalfrávirk.



8. mynd. Aldursdreifing hrossaþara í afla (ofan) og hrossaþara úr reitarskurði (neðan) á 6 m dýpi við Fagurey.